

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilsparfa, vegna atvinnu, sem í þeim eru rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun. Verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkv. áætlaðri notkun.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattskyldar eru skv. 1. mgr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.25% (0.25 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar sbr. 3. mgr.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 6. mgr., skal vera kr. 5.00 á hvern rúmmetra vatns.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað um, allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Hafnarfirði.

1. gr.

Að öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarbæjar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalignir liggja, skal greiða árlega holræsagjald til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar.

Álagningarstofn holræsagjaldsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts og er hann í gjaldskrá þessari nefndur fasteignamat.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá bæjarráð skattinn. Við ákvörðun holræsagjalds samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Af öllum fasteignum, sem greiða ber af holræsagjald skv. 1. mgr., skal greiða holræsagjald, sem nemur 0.08% (0.8 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af húseiganda og lóðarhafa og lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignamatsskatt, enda skuli gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Gerðahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Gerðahreppi, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu sýslumanns og þar fái eigandi hundsins afhenta merktu plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í sveitarfélaginu og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
- c) Skyld er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal innheimta tryggingargjald, eða leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri. heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.